

Mál nr. 148/2012**M
og
váttryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar vinnuveitanda.****Starfsmaður slasaðist á hendi við þrif á beituskurðarvél.****Gögn.**

65. Málskot, móttækið 29.3.2012, ásamt fylgigögnum.
66. Bréf X, dags. 25.4.2012, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

M vann við beituskurð hjá fyrirtækinu V og við verkið notaði hann sérstaka beituskurðarvél. Hinn 9.5.2011 vann M við þrif á vélinni. Tók hann öryggishlíf af vélinni og sprautaði vatni á vélina meðan hún var í gangi og hnífar hennar snérust. Festist slangan í hnífunum og við það dróst hægri hönd M í hnífa vélarinnar og hlaut hann alvarlega áverka á fingrum handarinnar.

M kvað vélina vera þannig úr garði gerða að ekki hafi verið hægt að þrifa hana nema með því að hvolfa henni, sem enginn gerði þar sem hún væri svo þung. Einnig væri hægt að taka af henni öryggishlífina svo hægt væri að komast að hnífunum og þá væri vélin höfð í gangi svo hnífarnir snérust og þannig væri hægt að þrifa þá. Kvaðst M hafa bent eigendum V á að vélin væri hættuleg.

Í skýrslu Vinnueftirlits ríkisins um slysið kemur fram að áhættumat liggi ekki fyrir varðandi notkun vélarinnar. Jafnframt voru gerðar kröfur um eftirfarandi úrbætur á vélinni: „...að rofabúnaður væri samkvæmt reglum um öryggisbúnað véla nr. 492/1987, að sett væri merking á vél um hættulega hnífa sem snúast og að verklagsreglur um notkun vélarinnar væru til staðar.“

M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu V hjá váttryggingafélaginu X. X hefur hafnað bótaskyldu þar sem M hafi ekki farið eftir fyrirmælum um það hvernig vélin skyldi hreinsuð. Hafi M ítrekað verið leiðrættur af yfirmönnum og starfsmönnum þegar sást til hans vera að þrifa vélina í gangi án öryggishlífarinnar. Þá sé alrangt að ekki hafi verið unnt að þrifa vélina án þess að taka af henni öryggishlífina og hafa hana í gangi.

Álit.

Ljóst er að umrædd beituskurðarvél er hættuleg og brýnt að skýrar verklagsreglur séu til staðar varðandi notkun hennar, þ. á m. hvernig staðið skuli að þrifum hennar. Samkvæmt skýrslu Vinnueftirlits ríkisins voru slíkar verklagsreglur ekki til staðar þegar slysið varð. Við svo búið hefur V sönnunarbyrðina um það að M hafi verið gefin önnur fyrirmæli við þrif á vélinni en hann fór eftir. Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á af hálfu V eða X að M hafi unnið við þrif á vélinni andstætt þeim fyrirmælum sem honum voru gefin. Af þessum sökum ber V ábyrgð á líkamstjóni M. Jafnvel þótt slysið kunnist einhverju leyti að verða rakið til eigin sakar M eru ekki næg efni til að háttsemi hans verði virt sem stórkostlegt gáleysi. Réttur hans til bóta verður því ekki skertur, sbr. 23. gr. a skaðabótalaga nr. 50/1993, sbr. 1. gr. laga nr. 124/2009 um breytingu á þeim. M á því rétt til óskertra bóta úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Niðurstaða.

M á rétt á fullum bótum úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Reykjavík, 22. maí 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.